

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

145. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 7. desember 2016 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, og Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður og Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður. Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður mætti ekki og boðaði ekki forföll.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Skýrsla búfjáreftirlitsmanns Húnaþings vestra
2. Skipulag ormahreinsunar á hundum í kjölfar fréttu um vöðvasull í fé
3. Rjúpnaveiði 2016
4. Vetrarveiði á ref
5. Ástand heimreiða í dreifbýli
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. **Skýrsla búfjáreftirlitsmanns Húnaþings vestra** . Ingvar Jóhannsson búfjáreftirlitsmaður Húnaþings vestra gefur yfirlit yfir störf sín á árinu. Nokkur vandamál hafa orðið þar sem rafmang hefur vantað á þær girðingar sem Vegagerðin ber ábyrgð á. Einnig vantaði uppá frágang við ristarhlið, við nýja vegin um Miðfjörð að vestan, fram eftir sumri og komst búfé ítrekað á veginn. Formanni falið að fá Guðmund Sigurðsson frá Vegagerðinni á næsta fund nefndarinnar til að ræða stöðu á girðingum.
2. **Skipulag ormahreinsunar á hundum í kjölfar fréttu um vöðvasull í fé.** Síðastliðið haust varð vart við vöðvasulls í sauðfé á landsvísu. Hundar eru hýslar og er árleg hreinsun þeirra því afar mikilvæg en ekki er lengur skipuleg hreinsun hunda til sveita. Sveitarstjóra falið að auglýsa ormahreinsun.
3. **Rjúpnaveiði 2016.** Sveitarstjóri greinir frá því að fyrirkomulag vegna sölu á rjúpnaveiðileyfum í landi Húnaþings vestra hafi gengið vel. Ráðinn var veiðivörður sem fór um svæðið og kannaði leyfi og staðsetningu veiðimanna. Fyrstu helgina sem rjúpnaveiði var leyfð voru höfð voru afskipti af 18 einstaklingum á 7 bílum, nokkuð minna var um afskipti aðra helgina. Þriðju helgina reyndust allir veiðimenn hafa gild leyfi eða vera á veiðum innan þjóðlendu og síðustu helgina voru engin afskipti höfð af veiðimönnum. Ákveðið að nýta þá reynslu sem fékkst í ár til að móta reglur vegna rjúpnaveiða í landi Húnaþings vestra árið 2017.
4. **Vetrarveiði á ref.** Ákveðið að hafa sama fyrirkomulag og í fyrra eða 8.000 kr. fyrir hvern ref og að svæðin verði 6 (Vatnsnes, Vesturhóp, Miðfjörður, Víðidalur, Hrutafjörður austan og Hrutaförður vestan). Greitt verður að hámarki fyrir 17 dýr á hverju svæði.

Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að auglýsa eftir umsóknum frá aðilum sem áhuga hafa á að stunda vetrarveiði á ref, með umsóknarfrest til 30. desember nk.

5. **Ástand heimreiða í dreifbýli.** Ástand heimreiða í dreifbýli í Húnaþingi vestra er víða slæmt, ekki hefur verið borið ofaní eða heflað í nokkur ár. Ákveðið að ræða málið við Guðmund Sigurðsson frá Vegagerðinni á næsta fundi.
6. **Önnur mál**
 - a. Rætt um vandamál við fjallskil milli landeigenda í Dalabyggð og landeigenda í Hrutafirði vestan.
 - b. Rætt um lungnakregðu í sauðfé, en hún er mikið vandamál í Húnaþingi vestra og um allt land. Ákveðið að taka málið fyrir á næsta fundi.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:13

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Guðný Hrund Karlsdóttir